

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 14. desember 2023

Mál nr. S-2369/2023:

Ákærvaldið

(Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur:

I

Mál þetta, sem dómtekið var 29. nóvember 2023, að lokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara útgefinni 14. september 2023, á hendur ákærða X, kt. 000000-0000, [...], [...].

Málið er höfðað á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa sunnudaginn 13. mars 2022 í [...], gengið inn í búningaklefa kvenna þar sem A, kt. 000000-0000, var nakin, viðhaft ummæli um líkama hennar og spurt hana persónulegra spurninga, boðið henni að sjá líkama sinn og byrjað að girða niður um sig en stoppað eftir að A sagði „nei“, með þessu særði hann blygðunarsemi hennar og sýndi henni ósiðlegt athæfi.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. 000000-0000 og C, kt. 000000-0000 forráðamanna A, kt. 000000-0000 er hér með lögð fram krafa um greiðslu miskabóta úr hendi X, kt. 000000-0000. Krafan er sú að hinum ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð kr.

1.500.000,- auk vaxta, skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar, en með dráttarvöxtum, skv. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Gerð er krafa um að dráttarvextir leggist við höfuðstól miskabóta á 12 mánaða fresti í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir upphafsdag vaxta í samræmi við 12. gr. laga nr. 38/2001.

Ákærði gerir aðallega þá kröfu að hann verði sýknaður en til vara, komi til sakfellingar, er krafist vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá er þess krafist aðallega að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara, komi til sakfellingar, að dæmdar bætur verði verulega lægri en krafist er. Loks er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

II

Málavextir.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var tilkynnt síðdegis sunnudaginn 13. mars 2022 um hælisleitanda sem hafi farið inn í kvennaklefa í [...] og áreitt þar 14 ára stúlku. Á vettvangi tók starfsmaður sundlaugarinnar á móti lögreglumönnum og var það faðir stúlkunnar sem um ræðir þ.e. brotþola. Móðir hennar var einnig á vettvangi. Faðir brotþola kvaðst hafa boðið henni að fara á æfingu í líkamsræktaraðstöðu sundlaugarinnar. Brotþoli hafi síðan komið til föður síns í miklu uppnámi og sagt að maður, sem hafi verið dökkur á hörund, hafi áreitt hana í kvennaklefanum. Faðir hennar kvaðst hafa séð mann dökkan á hörund á biðstöð strætisvagna í nágrenni sundlaugarinnar og spurt brotþola hvort það væri umræddur maður og hún hafi játað því. Maðurinn hafi þá gengið til þeirra og faðir brotþola skammað manninn og látið hann vita að svona ætti hann ekki að gera. Hann hafi þá beðist afsökunar og hlaupið á brott.

Þegar lögregla kom á vettvang var brotþoli farin heim til sín og lögreglumenn fóru þangað og ræddu við hana. Hún kvaðst hafa verið nakin og að klæða sig í kvennaklefa sundlaugarinnar þegar karlmaður hafi gengið þangað inn. Hann hafi látið eins og hann væri að ruglast og spurt hvar karlaklefinn væri. Hún hafi bent honum á það en hann hafi þá gengið lengra inn í kvennaklefan og sagt „you have a great body, I also have a great

body, do you want to see.?” Hann hafi síðan byrjað að taka buxurnar niður um sig og brotapolí hafi séð aðeins í getnaðarlim ákærða. Hann hafi spurt brotapolá frá hvaða landi hún væri og hún hafi sagst vera frá [...]. Ákærði hafi þá spurt hvort hún væri á snapchat, instagram eða whatsapp og hún hafi svarað því neitandi. Hann hafi þá spurt brotapolá hvort hún væri í sambandi eða gift og hvar hún byggi en ákærði hafi sagst vilja hringja í brotapolá. Ákærði hafi síðan spurt hvort brotapolí vildi knúsa ákærða en hún hafi neitað því. Ákærði hafi loks spurt hvort brotapolí vildi taka í höndina á ákærða og hún hafi gert það til að losna við hann. Brotapolí gaf lýsingu á útliti og klæðnaði ákærða.

Lögregla komst að því að ákærði byggi að [...] í [...] og fóru lögreglumenn þangað. Þar tóku þrjú drengir á móti lögreglumönnum og framvísuðu þeim allir skírteinum um dvalarleyfi. Er lögreglumenn voru að ræða við drengina kom ákærði ásamt öðrum manni inn í íbúðina. Lögreglumenn fóru með ákærða inn í eitt herbergi íbúðarinnar til að ræða við hann í einrúmi en hann var tregur til þess. Á meðan létu aðrir, sem voru í íbúðinni, ófriðlega og reyndu að þvinga sér leið inn í herbergið bæði í gegnum hurð og glugga. Ákærði var loks færður í handjárn, fluttur á lögreglustöð og færður þar í fangaklefa.

Að kvöldi sama dags og atvikið varð var tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglu. Ákærði kvaðst hafa farið í líkamsræktaraðstöðuna í sundlauginni. Hann hafi síðan fyrir mistök farið inn í kvennaklefanum og séð stúlku þar. Ákærði hafi síðan farið út og á biðstöð strætisvagna. Hann hafi þá séð stúlkuna með tveimur mönnum og áttað sig á að þau væru að ræða um ákærða. Hann hafi þá farið til þeirra og útskýrt fyrir þeim að hann hafi gert mistök og beðist afsökunar. Ákærði, sem kvaðst vera múslimi, sagði að trú hans leyfði það ekki að hann færi úr stuttbuxum eða nærbuxum fyrir framan annað fólk. Ákærði kvaðst líklega hafa verið inn í kvennaklefanum í um 30 sekúndur og stúlkan sem hafi verið þar hafi verið í fötum og verið tilbúin til þess að ganga út. Hann kvaðst ekki hafa byrjað að taka buxur sínar niður inn í klefanum og ekki beint spurningum að stúlkunni. Ákærði sagði að lýsing stúlkunnar á atvikum væri ekki rétt.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 18. mars 2022. Hann kvaðst þá hafa farið að hlaupa á bretti eftir að hann hafi farið út úr kvennaklefanum. Eftir það hafi hann farið heim til sín. Ákærða var þá kynnt að samkvæmt upptöku úr öryggismyndavél hafi hann verið í um þrjár mínútur inn í kvennaklefanum og hann hafi gengið beint inn í sturtuklefanum.

Einnig var ákærða bent á að hann hafi komið nokkrum sinnum áður í sundlaugina. Ákærði kvaðst vera saklaus.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu er gengið af gangi bæði inn í lyftingasal og búningsklefa karla og kvenna. Ekki eru öryggismyndavélar á ganginum en úr myndavél sem er staðsett annars staðar sést hluti af ganginum og hún tekur aðeins upp þegar hreyfingar eru þ.e. hún er með hreyfiskynjara. Til er upptaka frá kl. 13:38:59 til 13:58:55 frá 13. mars 2022. Á upptökunni sést að ákærði er við æfingar í lyftingasalnum og á fyrrgreindu tímabili sést hann fara 15 sinnum inn í kvennaklefann og er mismunandi lengi inni í hvert skipti. Ekki er vitað hvað hann gekk langt inn í klefann. Einnig er til upptaka frá deginum áður og þar sést ákærði fara nokkrum sinnum inn í kvennaklefann og hann sést einnig fara inn í karlaklefann. Samkvæmt ljósmyndum af vettvangi er gult áberandi skilti á veggnum við innganginn á klefanum sem sýnir að um sé að ræða kvennaklefa þ.e. mynd af kvenmannslíkama og á íslensku stendur KONUR BÖÐ.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði viðurkennir að hafa farið nokkrum sinnum inn í kvennaklefann en það hafi verið fyrir mistök. Þegar atvikið hafi hátt sér stað hafi hann verið búinn að vera í nokkra mánuði á Íslandi og hann hafi verið búinn að stunda líkamsræktina í sundlauginni í nokkrar vikur. En hann hafi verið í fyrsta skipta á þessu svæði í sundlauginni. Ákærði taldi að hann hafi komið 10-15 sinnum í sundlaugina áður en atvikið varð. Í umrætt sinn hafi hann verið að leita að einkasvæði þar sem hann gæti farið úr fötunum og í sturtu þar sem trú hans leyfi það ekki að hann fari úr fötunum og þvoi sér innan um annað fólk. Hann hafi heyrt sturtuhljóð inn í klefanum og því beðið eftir því að sá sem væri í sturtunni myndi klára svo ákærði gæti farið inn. Hann kvaðst ekki hafa vitað hvort þar hafi verið um karlmann eða kvenmann að ræða. Ákærði hafi hins vegar beðið eftir því að viðkomandi tæki fötin sín og færi í burtu. Hann kvaðst ekki hafa séð skiltið við innganginn á klefanum sem segði til um að þetta væri kvennaklefi og hann skilji ekki íslensku. Hann hafi gengið nokkrum sinnum inn í klefann en alltaf heyrt sturtuhljóð og því farið til baka. Loks hafi hann gengið inn í klefann og séð stúlku sem hafi verið í topp og með handklæði um sig fyrir neðan brjóst. Hún hafi orðið hissa og sagt að svæðið væri

ekki fyrir karlmenn. Hún hafi spurt hvaðan hann væri og sagt að þetta væri allt í lagi. Hann kvaðst hvorki hafa sagt eitthvað um líkama stúlkunnar né eigin líkama. Ákærði hafi því talið að stúlkan myndi ekki gera neitt í málinu og hann hafi beðist afsökunar. Hann hafi síðan hafi farið út á biðstöð strætisvagna og þá séð menn skammt frá sem hann hafi talið að væru að ræða um ákærða. Hann hafi farið til þeirra og sagst hafa gert mistök og hann myndi ekki gera þetta aftur. Hann hafi síðan farið heim til sín. Ákærði sagði að það væru engin skilti í heimalandi hans [...].

Vitnið og brotapolinn, A, lýsti því að hún hafi farið í líkamsrækt í sundlauginni og síðan í sturtu í kvennaklefanum. Hún hafi verið rétt komin úr sturtunni og verið nakin en verið með svokallað hárhandklæði á höfðinu þegar ákærði hafi komin inn í klefann. Hann hafi komið inn um inngang þar sem fólk komi þegar það sé búið í sundi. Ákærði hafi sagt að hann væri villtur, haldið að þetta væri karlaklefi, en síðan gengið lengra inn í klefann. Hann hafi sagt að vitnið væri með flottan líkama, spurt hvort hún væri gift, hvað hún væri gömul eða hvort hún væri á samfélagsmiðlum. Þá hafi hann reynt að taka niður um sig buxurnar. Vitnið kvaðst hafa verið eitt í klefanum þegar ákærði hafi komið þangað inn en skömmu áður hafi verið þar tvær aðrar konur. Vitnið kvaðst hafa verið í áfalli og tilfinningalaus, reynt að hylja líkama sinn en það hafi ekki reynt að kalla eftir aðstoð. Vitnið hafi síðan farið upp í afgreiðslu sundlaugarinnar og látið vita af atvikinu. Atvikið hafi haft þau áhrif á vitnið að það hafi ekki farið í sundlaugina eftir þetta en það hafi reynt það einu sinni en þá fengið kvíðakast. Þá treysti vitnið ekki karlmönnum og það hafi leitað til sálfræðings eftir atvikið.

Vitnið, B faðir brotapola, kvaðst vera vaktstjóri í [...]. Hann hafi boðið brotapola að fara í líkamsrækt í sundlauginni. Hún hafi síðan komið upp í afgreiðslu sundlaugarinnar og verið í uppnámi. Hún hafi sagt að karlmaður hafi komið inn í kvennaklefa og talað við brotapola á óviðurkvæmilegan hátt. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða hlaupa út úr sundlauginni en brotapoli hafi komið upp í afgreiðsluna einni eða tveimur mínútum seinna. Vitnið hafi síðan, eftir ábendingu brotapola, séð ákærða á biðstöð strætisvagna í nágrenninu. Hann hafi komið til vitnisins og beðist afsökunar en á þeirri stundu hafi vitnið ekki vitað nákvæmlega hvað hefði gerst. Vitnið kvaðst hafa hringt í móður brotapola og móðirin hafi sagt vitninu að hringja á lögreglu. Lögregla hafi komið í sundlaugina og viljað myndefni úr öryggismyndavélum og fengið upptöku daginn eftir

þar sem ákærði sést ganga inn í kvennaklefa. Brotapoli hafi sagt vitninu að hún hafi verið nakin þegar ákærði hafi komið inn í kvennaklefann og m.a. spurt hana hvort þau gætu gifst eða tengst á samfélagsmiðlum. Vitnið kvað það aldrei hafa verið vandamál í sundlauginni að fólk ruglaðist á kvenna- og karlaklefum.

Vitnið, C móðir brotþola, sagði að brotþoli hafi í umrætt sinn komið heim til sín í uppnámi. Vitnið hafi þá farið í sundlaugina og talað við föður stúlkunnar og sagt honum að hringja á lögregluna. Brotapoli hafi sagt vitninu að hún hafi verið inni í klefa eftir að hafa farið í líkamsræktina og í sturtu. Brotapoli hafi verið nakin en að klæða sig þegar karlmaður hafi gengið inn á hana. Hann hafi m.a. sagst vilja kvænast brotþola en hún hafi sagst vera 15 ára. Ákærði hafi sagt eitthvað fleira óviðeigandi en síðan spurt hvort hann mætti faðma brotþola. Vitnið sagði að brotþoli hafi verið í áfalli eftir þetta og hún hafi ekki trúað því sem hafði gerst og hún spyrji m.a. hvort hún hefði átt að öskra á ákærða. Eftir þetta hafi brotþoli ekki farið í sund og hún sé hrædd að nóttu til. Hún hafi leitað til sálfræðinga eftir þetta m.a. í Barnahúsi.

Vitnið, lögreglumaður nr. 2013, kvaðst hafa gert frumskýrslu í málinu. Vitnið hafi farið heim til brotþola sem hafi lýst því að þegar hún hafi verið rétt komin úr sturtu hafi ákærði gengið inn á hana. Hann hafi m.a. spurt brotþola frá hvaða landi hún væri, hvort hún vildi giftast ákærða og hvort hún væri á samfélagsmiðlum. Þá hafi ákærði beðið brotþola að taka í höndina á sér. Brotapoli hafi verið í uppnámi og fundist atvikið óþægilegt.

Vitnið, lögreglumaður nr. 1940, kvaðst lítið muna eftir atvikum en maður hafi verið sakaður um að hafa farið inn í kvennaklefa í sundlauginni. Vitnið kvaðst hafa farið heim til ákærða og þangað hafi einnig komið rannsóknarlögreglumaður. Vitnið mundi ekki hvort það hafi rætt við brotþola en það hafi rætt við ákærða inni í herbergi á heimili hans. Ákærða hafi verið kynnt hvers vegna lögregla væri á staðnum.

Vitnið, D sálfræðingur, staðfesti vottorð sín. Vitnið sagði að brotþoli hafi fengið tilvísun í Barnahús vegna annars máls. Í viðtali hafi brotþoli sagt frá umræddu atviki þ.e. að maður hafi komið inn í sturtuklefa og leitað á brotþola. Erfitt sé að greina hvaða áhrif hvert og eitt áfall hafi á líðan brotþola. Hún hafi ekki greinst með áfallastreituröskun vegna þessa en hún hafi verið á viðkvæmu skeiði þegar atvikið varð.

IV

Niðurstaða.

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því ganga inn á brotþola nakta í kvennaklefa í [...], haft við hana ummæli um líkama hennar og spurt hana persónulegra spurninga, boðið henni að sjá líkama sinn og byrjað að girða niður um sig. Ákærði viðurkennir að hann hafi farið inn í kvennaklefann í umrætt sinn og rekist þar á brotþola. Hann hafi hins vegar ekki vitað að um kvennaklefa hafi verið að ræða og því farið þangað inn fyrir misskilning. Hann hafi því skort ásetning til verknaðarins sem honum er gefin að sök í ákæru.

Í kjölfar atviksins var tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglu. Þar lýsti hann því að hann hafi farið inn í kvennaklefann fyrir misskilning og ekki verið þar í meira en 30 sekúndur. Brotþoli hafi verið þar í fötum og tilbúin til að ganga út. Ákærði hafi ekki beint til hennar spurningum. Í skýrslutöku 18. mars 2022 sagði hann einnig að hann hafi verið í um 30 sekúndur inni í kvennaklefanum. Honum var þá kynnt að hann hafi verið þar í um þrjár mínútur, gengið beint inn í sturtuklefann og þá hafi hann verið nokkrum sinnum áður í sundlauginni. Ákærði kvaðst vera saklaus en þó gæti verið að hann hafi verið inni í klefanum í um eina mínútu.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa gengið nokkrum sinnum inn í kvennaklefann og hann hafi ekki séð skilti við innganginn í klefann sem sýnir að þetta sé kvennaklefi. Þegar hann hafi komið inn í klefann í síðasta skiptið hafi hann séð stúlku sem hafi verið í topp og með handklæði um sig fyrir neðan brjóst.

Á upptökum úr öryggismyndavél í sundlauginni, sem er meðal rannsóknargagna málsins, sést ákærði ganga mörgum sinnum af gangi og inn í kvennaklefa sundlaugarinnar. Í síðasta skiptið var hann inn í klefanum í tvær til þrjár mínútur. Framburður ákærða um það hvað hann var lengi inn í klefanum stenst því ekki. Þá var framburður hans um klæðnað brotþola þegar hann kom að henni í klefanum ekki á sama veg hjá lögreglu og fyrir dómi. Framburður ákærða fær hvorki stoð í framburðum vitna né rannsóknargögnum málsins og er í raun í andstöðu við þau. Framburður ákærða virðist því byggja á því að hann sé að réttlæta háttsemi sína og fegra sinn hlut. Framburður

ákærða er ótrúverðugur og verður því ekki lagður til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Fyrir dómi lýsti brotþoli því að hún hafi verið rétt komin úr sturtu í kvennaklefa sundlaugarinnar og verið nakin fyrir utan það að hafa verið með svokallað hárandklæði á höfði þegar ákærði hafi gengið inn á hana. Eftir að hann hafi sagst vera villtur en hann hafi ætlað í karlaklefann hafi hann gengið lengra inn í klefann. Hann hafi m.a. sagt að vitnið væri með flottan líkama, spurt hvort hún væri gift, hvað hún væri gömul eða hvort hún væri á samfélagsmiðlum. Þá hafi hann reynt að taka niður um sig buxurnar. Brotþoli lýsti atvikum mjög á sama veg fyrir lögreglumönnum sem ræddu við hana í kjölfar atviksins. Í skýrslutöku hjá lögreglu 28. apríl 2022 lýsti brotþoli atvikum einnig mjög á sama veg. Framburður brotþola hefur því allt frá upphafi málsins verið í góðu samræmi og fær hann stuðning í framburðum vitna og rannsóknargögnum málsins. Framburður brotþola fyrir dómi var mjög greinargóður og afdráttarlaus. Þá er ekkert komið fram um það að brotþola sé að bera ákærða röngum sökum. Framburður brotþola er trúverðugur og þykir ekki varhugavert að leggja framburð hennar til grundvallar þegar komist verður að niðurstöðu í málinu.

Eins og fram er komið hefur ákærði viðurkennt að hafa gengið nokkrum sinnum inn í kvennaklefann en hann hafi ekki vitað að um væri að ræða klefa fyrir konur. Eins og sjá má af ljósmyndum, sem eru meðal rannsóknargagna málsins, er áberandi gult skilti þar sem ákærði gekk inn í kvennaklefann og á því er mynd af kvenlíkama og þar stendur KONUR BÖÐ. Það er útilokað annað en að ákærði hafi séð skiltið þegar hann gekk ítrekað framhjá því og inn í kvennaklefann. Þrátt fyrir að ákærði skilji ekki íslensku á hann að hafa getað dregið þá ályktun af skiltinu að um væri að ræða svæði sem aðeins væri ætlað konum. Framburður ákærða um annað fær ekki staðist.

Samkvæmt framburði ákærða sjálfs var hann búinn að vera í nokkra mánuði á Íslandi þegar atvikið varð og hann hafði komið 10-15 sinnum í sundlaugina. Ákærða hlaut því að vera kunnugur umgengnisreglum í sundlauginni og vitað að þar væru ákveðin svæði aðeins ætluð kven- eða karlmönnum eins og hefðbundið er í öllum sundlaugum. Ákærða bar því að hegða sér í samræmi við það og væri hann í vafa um reglur sundlaugarinnar bar honum að kynna sér þær. Eins og fram er komið gekk ákærði ítrekað inn í

kvennaklefan framhjá áberandi skilti sem sýndi að um væri að ræða svæði aðeins ætlað konum. Því má fullyrða að ákærði hafi haft ásetning til að ganga inn í kvennaklefan í umrætt sinn.

Með vísan til ofanritaðs og rannsóknargagna málsins telst því hafið yfir skynsamlegan vafa og þar með sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Ákærða er gefið að sök brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þ.e. blygðunarsemisbrot. Samkvæmt ákvæðinu skal hver sá sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis sæta fangelsi eða sektum ef brot er smávægilegt. Með lostugu athæfi í skilningi ákvæðisins er átt við athöfn af kynferðislegum toga sem gengur skemur en samræði og önnur kynferðismök eða kynferðisleg áreitni. Ekki er þó skilyrði að viðkomandi hafi fengið eitthvað kynferðislegt út úr athöfninni. Þá er það ekki skilyrði að sýnt hafi verið fram á að blygðunarsemi manna hafi raunverulega verið særð heldur er nægjanlegt að háttsemin hafi verið til þess fallin að særa blygðunarsemi annars manns. Háttsemi ákærða í umrætt sinn var til þess fallin að særa blygðunarsemi brotþola og varðar háttsemi hans við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022. Hefur ákærði unnið sér til refsingar í samræmi við það.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu hér á landi svo kunnugt sé. Refsing hans verður ákveðin með hliðsjón af því og 1. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til þessa og atvika málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í málinu gerir brotþoli, A, þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Ákærði framdi brot sitt þar sem brotþoli átti að vera í vernduðu umhverfi og ekki eiga á hættu að karlmaður kæmi þar að henni hvað þá að hann myndi vera þar inni í tvær til þrjár mínútur. Brot ákærða var til þess fallið að hafa áhrif á andlega líðan brotþola til hins verra.

Brotþoli á því rétt á miskabótum úr hendi ákærða, sbr. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með hliðsjón af atvikum málsins þykir hæfilegt að ákærði greiði brotþola miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur sem beri vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. mars 2022 til 20. október 2023 en dráttarvexti samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Ekki verður séð að einkaréttarkrafan hafi verið birt ákærða fyrr en við birtingu ákæru og tekur ákvörðun um dráttarvexti mið af því. Brotþoli gerir kröfu til málskostnaðar en samkvæmt 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal ekki dæma brotþolum málskostnað hafi þeir fengið sér skipaðan réttargæslumann en þannig er ástatt í máli þessu. Réttargæslumanni brotþola verður því ákvörðuð þóknun sem telst til sakarkostnaðar, sbr. a. – lið 1. mgr. 233. gr. laga nr. 88/2008.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu verjandans og umfangi málsins 693.036 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Málsvarnarlaunin taka einnig til starfa verjandans á rannsóknarstigi málsins. Ákærði greiði þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Páls Ágústs Ólafssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu réttargæslumannsins og umfangi málsins 542.376 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þóknunin tekur einnig til starfa réttargæslumannsins á rannsóknarstigi málsins. Ákærði greiði annan sakarkostnað 52.500 krónur.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigrún Inga Guðnadóttir aðstoðarsaksóknari.

Ingi Tryggvason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvo mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A, 500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. mars 2022 til 20. október 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 693.036 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Páls Ágúst Ólafssonar lögmanns, 542.376 krónur. Ákærði greiði annan sakarkostnað 52.500 krónur.

Ingi Tryggvason